

## 1998 nr. 28 8. apríl

### Lög um verslunaratvinnu

Tóku gildi 1. janúar 1999. *Breytt með l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 76/2002 (tóku gildi 17. maí 2002), l. 94/2002 (tóku gildi 1. des. 2002), l. 117/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006; EES-samningurinn: XVII. viðauki tilskipun 2001/84/EB), l. 108/2006 (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006), l. 24/2007 (tóku gildi 29. mars 2007), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brábkv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), l. 77/2011 (tóku gildi 29. júní 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).*

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að mállefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **iðnaðar- og viðskiptaráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Lög þessi taka til verslunar í atvinnuskyni hvort sem hún er gerð fyrir eigin reikning eða reikning annars manns eða í eigin nafni eða í nafni annars manns.

□ Með orðinu verslun er átt við hvers kyns milligöngu um yfirfærslu á beinum eignarrétti að lausafé.

□ Lög þessi taka þó ekki til sérákvæða annarra laga sem setja sérstök skilyrði varðandi tilteknar vörur eða tilteknar atvinnugreinar.

□ [Verði ágreiningur um hvort um verslun fari samkvæmt lögum þessum sker skráningaraðili samkvæmt lögunum úr honum innan þrjátíu daga.]<sup>1)</sup> Þeim úrskurði má áfrýja til [ráðuneytisins]<sup>2)</sup> innan þrjátíu daga frá því að kæranda berst tilkynning um úrskurð firmaskrárritara. Úrskurður ráðuneytisins skal liggja fyrir innan þrjátíu daga frá því að kæra er móttokin.

<sup>1)</sup> L. 94/2002, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 262. gr.

■ **2. gr.** [Til að stunda verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi skal uppfylla skilyrði laga þessara og atvinnustarfsemin skal skrá í samræmi við lögðjöf um skráningu firma, hlutafélaga og einkahlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana, eftir því sem við á.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 94/2002, 2. gr.

■ **3. gr.** Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

*föst starfsstöð: húsnæði eða annað rými þar sem rekin er, staðbundið og reglulega, verslun í atvinnuskyni,*

*hreyfanleg starfsstöð: rými sem er færilegt og þar sem rekin er reglulega verslun í atvinnuskyni, svo sem bifreiðar og dráttarvagnar,*

*markaður: verslun í atvinnuskyni sem fram fer utan fastrar starfsstöðvar, hvort heldur sem er innan eða utan húss (sala á torgum),*

*farandsala: verslun í atvinnuskyni utan fastrar starfsstöðvar, þar með taldar hreyfanlegar starfsstöðvar og markaðir,*

*sjálfalsal: taeki sem notað er til verslunar og afhendingar vörur gegn endurgjaldi.*

#### II. kafli. Almenn skilyrði fyrir rétti til að stunda verslun.

■ **4. gr.** [Skylt er að skrásetja verslun, sem stunduð er skv. 1. gr. laga þessara, í firmaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagskrá eða skrá á grundvelli lögðjafar um sjálfseignarstofnunar, eftir því sem við á.]<sup>1)</sup>

□ Dánarbú eða gjaldþrotabú hefur rétt til að stunda áfram verslun í samræmi við ákvæði laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.

<sup>1)</sup> L. 94/2002, 3. gr.

■ **5. gr.** Á hinni föstu starfsstöð skal vera nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem hefur skráð verslunarrekstur. Sjálfalar skulu einnig merktir með sama hætti. Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum þess

sem skráð hefur verslun skal greina heiti verslunar, kennitölu og heimilisfang. Sama á við um verslun með fjarskiptataekni (fjarsölu) að svo miklu leyti sem því verður við komið.

□ Ef kaupandi óskar þess er hverjum þeim sem stundar farandsölu samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna settar samkvæmt þeim skyld að afhenda kaupanda nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem skráð hefur verslunarrekstur.

■ **6. gr.** [Skráningaraðili samkvæmt lögum þessum lætur í té staðfestingu á því að verslun hafi verið skráð samkvæmt lögum þessum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 94/2002, 4. gr.

■ **7. gr.** Að því leyti sem ekki eru sett ákvæði um það í lögum þessum skulu samþykktir sveitarstjórna gilda um réttindi og skyldur þeirra sem stunda farandsölu, hvort sem hún er stunduð í atvinnuskyni eða ekki.

#### III. kafli. Um sölu notaðra lausafjármuna.

■ **8. gr.** Þegar notuðum lausafjármunum er veitt móttaka til endursölu eða umboðssölu skulu þeir skráðir og verðmerktir.

■ **9. gr.** Heimilt er ráðherra með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd skráningar og varðveislu skrárinnar.

■ **10. gr.** Sá sem verslun rekur samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu notaðra lausafjármuna. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda um persónuskilríki.

□ Óheimilt er að kaupa eða veita móttoku notuðum lausafjármunum til endursölu frá ólögráða aðila.

#### IV. kafli. Um sölu notaðra ökutækja.

■ **11. gr.** Ákvæði þessa kafla gilda um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja sem fram fer með eftирgreindum hætti:

1. Milliganga um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi milligönguaðilans.

2. Sala á notuðum skráningarskyldum ökutækjum í eigu seljandans þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi hans.

□ Ákvæði þessa kafla taka ekki til nauðungarsölu notaðra ökutækja.

■ **12. gr.** [Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess leyfi sýslumanns. [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að ákvæða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns.]<sup>2)</sup>

□ ...<sup>3)</sup>

□ Verslun á grundvelli starfsleyfis skv. 1. mgr. skal rekin á fastri starfsstöð. Á fastri starfsstöð skal framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi fullnægja skilyrðum 1.–6. tölul. 1. mgr. 13. gr. Ákvæði 6. tölul. á þó ekki við um útitíu hlutafélags eða einkahlutafélags sem hlotið hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 262. gr. <sup>2)</sup> L. 77/2011, 2. gr. <sup>3)</sup> L. 94/2002, 5. gr.

■ **13. gr.** Leyfi skv. 12. gr. ...<sup>1)</sup> verður einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja eftirtoldum skilyrðum, [sbr. 2. gr.].<sup>2)</sup>

1. Eru búsettur á Íslandi. [Skilyrðið um búsetu á þó ekki við um ríkisborgara og lögaðila annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsammings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga og lögaðila í Færseyjum.]<sup>1)</sup>

2. Hafa náð tuttugu ára aldrí.

3. Eru lögráða og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og lögum um sölu notaðra öku-tækja.

4. Hafa forræði á búi sínu.

5. Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá [vátryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu á Íslandi],<sup>1)</sup> aflað sér banka-tryggingar eða lagt fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur gildar og bæta viðskiptamönnum tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum sem bifreiðasalar. Nánari ákvæði um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og vá-tryggingarskilmála, skulu ákveðin með reglugerð.<sup>3)</sup>

6. Hafa sótt námskeið og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð<sup>4)</sup> sem ráðherra ákveður. Kostnað vegna námskeiða og prófa skal greiða með kennslu-og prófgjöldum er [ráðuneytið]<sup>5)</sup> ákveður. Ráðherra er heim-ilt að veita undanþágu frá þessu ákveði mæli sérstakar ástæður með því.

[Ef lögaðili á í hlut skulu allir stjórnarmenn fullnægja skilyrðum 1.-4. tölul. 1. mgr.]<sup>1)</sup>

Aðili sem sviptur hefur verið leyfi skv. 19. gr. skal sitja námskeið og standast prófkröfur, sbr. 6. tölul., áður en honum er veitt starfsleyfi á ný.

<sup>1)</sup> L. 77/2011, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 94/2002, 6. gr. <sup>3)</sup> Rg. 46/2003. <sup>4)</sup> Rg. 45/2003. <sup>5)</sup> L. 126/2011, 262. gr.

■ **14. gr.** Bifreiðasali skal afla upplýsinga, sem staðfestar skulu skriflega af seljanda, um akstur og ástand skráningar-skylds ökutækis, svo og annarra þeirra upplýsinga sem kaup-anna eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Gögn þessi skulu fylgja afsali og skal bifreiðasali jafnframt varðveita þau í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.

Þá skal fylgja vottorð úr ökutækjaskrá sem sýnir ótvírett að seljandi sé eigandi þess ökutækis sem selt er eða hafi um-boð til sölumnar. Bifreiðasali skal staðfesta að fullnægjandi ástandslysing, sbr. 1. mgr., fylgi ökutækni og einnig skal hann staðreyna upplýsingar um eiganda þess og hvort veðbönd hvíli á ökutæknu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð<sup>1)</sup> að mæla fyrir um þær lágmarsupplýsingar sem lagðar skulu fram við sölu notaðra ökutækja og fram eiga að koma í kaupsamningi og afsali vegna sölu þeirra. Þar á meðal er ráðherra heimilt að kveða á um sérstaka skrá þar sem fram komi fyrri eigendur og tjóna-féill viðkomandi ökutækis.

<sup>1)</sup> Rg. 44/2003.

■ **15. gr.** Bifreiðasali skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Bifreiðasali ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við sölu ökutækja sem væru þau verk hans sjálfs. Bifreiða-sali skal, áður en engið er frá afsali notaðs ökutækis, greina kaupanda með sannanlegum hætti frá þeim rétti hans að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis, svo sem faggilt skoðun-arstofu eða faggilt skoðunarverkstæði. Kostnað við slíkt mat skal kaupandi greiða nema um annað verði samið.

Bifreiðasali skal með áberandi hætti vekja athygli á gjald-skrá fyrir söluþóknun, þar á meðal þegar um skipti á bifreið-

um er að ræða. Einnig er skylt að leyfisbréf vegna starfsem-innar liggi frammi á starfsstöð.

Hafi bifreiðasali ástæðu til að ætla að ástandi ökutækis sé ábótavant ber honum að vekja athygli kaupanda á þeim ann-marca.

■ **16. gr.** Bifreiðasali skal annast um að endanlega sé gengið frá kaupsamningi, afsali og örðrum skjölum vegna viðskipta á hans vegum og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn hans svo að eigi verði um villst.

Bifreiðasali skal ábyrgjast að tilkynning um eigendaskipti sé send ökutækjaskrá án tafar.

■ **17. gr.** Hyggist bifreiðasali, fyrirtæki er hann starfar við eða aðrir starfsmenn við sölu notaðs ökutækis selja eigið ökutækni eða kaupa ökutækni sem þessum aðila hefur verið falið að annast sölu á skal viðskiptamanni kynnt það sérstak-lega og þess jafnframt getið í kaupsamningi. Sama gildir um maka og náin skyldmenni bifreiðasala eða starfsmanna við sölnu.

■ **18. gr.** Þeim einum er rétt að nefna sig bifreiðasala sem fengið hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja samkvæmt lögum þessum.

■ **19. gr.** Eftirlit með starfsemi bifreiðasala er í höndum lög-reglustjóra í því umdæmi þar sem starfsstöð bifreiðasala er.

[Sýslumaður heldur skrá yfir þá sem hafa leyfi til starf-semi samkvæmt þessum kafla. [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að ákveða að skráning leyfa sé á hendi eins sýslumanns.]<sup>2)</sup>

[Nú fylgir bifreiðasali ekki lögum og reglum sem um starfsemi þessa gilda þrátt fyrir tilmæli lögreglustjóra eða fullnægir ekki skilyrðum laganna og skal lögreglustjóri þá að undangenginni aðvörun svipta viðkomandi starfsleyfi. Ákvörðun um sviptingu starfsleyfis er unnt að skjóta til [ráðherra].<sup>1)</sup> Ænn fremur má leita úrskurðar dólmstóla.]<sup>3)</sup>

Nú rekur aðili starfsemi sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum án tilskilinna réttinda og skal þá lögreglustjóri þegar í stað stöðva þá starfsemi, þar á meðal með lokun starfsstöðvar.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 262. gr. <sup>2)</sup> L. 77/2011, 4. gr. <sup>3)</sup> L. 94/2002, 7. gr.

#### V. kaffli. Frjáls uppboð.

■ **20. gr.** Þeim sem hafa skráð verslunarrekstur samkvæmt lögum þessum er heimilt að selja lausafjármuni á frjálsu uppboði nema aðrar takmarkanir séu gerðar í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Frjáls uppboð utan fastrar starfsstöðvar eru háð leyfi [sýslumanns]<sup>1)</sup> . . .<sup>2)</sup> Rétt er [sýslumann]<sup>1)</sup> að synja um leyfi ef almannahagsmunir krefjast eða hann telur að skipulagi uppboðsins sé verulega áfátt. Þetta á þó ekki við frjálst uppboð á listmunum sem fram fer í öðru húsnæði en fastri starfsstöð. [[Ráðherra]<sup>3)</sup> er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 24/2007, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 77/2011, 5. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2011, 262. gr.

■ **21. gr.** Sá sem ber ábyrgð á frjálsu uppboði er í kafla þessum nefndur uppboðsstjóri.

■ **22. gr.** Uppboðsstjórar mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

■ **23. gr.** Uppboðsstjóri skal kynna uppboðsskilmála skrif-lega og skulu þeir lesnir áður en uppboð hefst.

Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum, er leggjast ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, ásamt örðrum skilmálum sem uppboðs-

stjóra er skylt að geta og því hvenær ábyrgð á hinu selda flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

- Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.
- Uppboð eru opin almenningi og skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma fyrir uppboðið.

□ [Pegar sérstaklega stendur á getur [sýslumaður]<sup>1)</sup> veitt aðilum leyfi til að halda lokað uppboð ...<sup>2)</sup> í því skyni að styrkja viðurkennt líknarstarf og kirkjustarf, menntir, vísindi og menningu, m.a. íþróttastarfsemi. Þegar um lokað uppboð á listmunum er að ræða skal vekja sérstaka athygli á ákvæðum V. kafla laga þessara varðandi frjáls uppboð og reglugerð [hlutaðeigandi ráðherra]<sup>3)</sup> um fylgiréttargjald. Jafnframt skal innheimtuaðila, Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi, tilkynnt um veitingu leyfisins.]<sup>4)</sup>

□ ...<sup>5)</sup>

□ [Uppboðsstjórar skulu ársfjórðungslega senda skilagreinrar um sölu listmuna á næstliðnu tímabili, staðfestar af löggiltum endurskoðanda, til innheimtuaðila skv. [23. gr. a].<sup>5)</sup> Skylt er þeim uppboðsstjórum, sem stunda uppboð á listmunum, að senda einnig skilagrein fyrir þau tímabil þegar engin sala fer fram hjá uppboðsstjóra nema þeir hafi sannanlega tilkynnt innheimtuaðila, Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi, að þeir hafi hætt slíkum uppboðum.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 24/2007, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 77/2011, 6. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2011, 262. gr. <sup>4)</sup> L. 94/2002, 8. gr. <sup>5)</sup> L. 117/2005, 1. gr.

■ [23. gr. a. Á málverk, myndir og listmuni, sem seldir eru á listmunauppboðum, skal leggja gjald er renni til listamanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum.

□ Gjaldið skal vera í íslenskum krónum og reiknast þannig:

1. 10% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar að hámarki 3.000 evrum;
  2. 5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 3.000,01 evru upp í 50.000 evrur;
  3. 3% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 50.000,01 evru upp í 200.000 evrur;
  4. 1% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 200.000,01 evru upp í 350.000 evrur;
  5. 0,5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 350.000,01 evru upp í 500.000 evrur;
  6. 0,25% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar fjárhæð umfram 500.000 evrur.
- Gjaldið skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem samsvarar 12.500 evrum.
  - Gengið skal miðað við sölugengi á söludegi.

□ Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til styrkja eða starfslauna handa myndlistarmönnum.

□ [Hlutaðeigandi ráðherra]<sup>1)</sup> getur sett nánari reglur um fylgiréttargjald og kveðið þar á um viðurlög við brotum á reglunum, sbr. 24. gr. Um undanþágu frá virðisaukaskatti vegna sölu á listmunauppboði vísast til 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 262. gr. <sup>2)</sup> L. 117/2005, 2. gr.

## VI. kaffli. Viðurlög við brotum.

■ 24. gr. [...<sup>1)</sup>]

□ Sá sem vanrækir tilkynningar til firmaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár eða skrár á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, eftir því sem við á, skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Brot gegn ákvæðum IV. kafla um sölu notaðra ökutækja eða gegn 7. mgr. 23. gr. um sendingu skilagreina um sölu listmuna skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Heimilt er að krefjast þess í refsimali að verslun verði afmáð úr einhverri framangreindra skráa, eftir því sem við á, hafi verslun framið ítrekað eða alvarlegt brot gegn ákvæðum laga er um starfsemina gilda. Í refsimali gegn aðila, sem hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja skv. IV. kafla laga þessara, er auk þess eða einvörðungu heimilt að krefjast sviptingar þess leyfis í samræmi við ákvæði 68. gr. almennr hegningarlaga.

□ Brot á samþykktum sveitarstjórn, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

□ Nú hefur sá sem ábyrgð ber á verslun verið dæmdur til greiðslu sektar vegna brots í starfi sínu og ber lögaðilinn þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki er ákvæði í refsíðomi um ábyrgð lögaðila verður sektin því aðeins innheimt með að for hjá honum að dæmt sé um skyldu hans í sérstöku [sakamáli].<sup>1)]<sup>2)</sup></sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr. <sup>2)</sup> L. 94/2002, 9. gr.

## VII. kaffli. Gildistaka o.fl.

■ 25. gr. [Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um hana. Fyrir skráningu á verslun samkvæmt lögum þessum greiðist gjald til ríkissjóðs skv. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 262. gr.

■ 26. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. ...

■ Ákvæði til bráðabirgða. Þegar útgefin verslunarleyfi koma til endurnýjunar skal skrá viðkomandi verslunarstarfsemi hjá [skráningaraðila]<sup>1)</sup> í samræmi við ákvæði laga þessara. Skráningu á verslunarstarfsemi skal lokið innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 94/2002, 10. gr.